

Stofnanasamningur þessi gildir frá 1. júní 2018

**Stofnanasamningur
Sjúkraliðafélags Íslands (SLFÍ)**

og

**Heilsustofnunar Náttúrulækningafélags Íslands (NLFÍ)
um forsendur röðunar starfa við stofnunina**

Samkomulag þetta byggir á kjarasamningi Sjúkraliðafélags Íslands og Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu dagsettum 8. janúar 2016, með gildistíma frá 1. október 2015 til 31. mars 2019.

1. Gildissvið

Stofnanasamningur þessi nær til allra starfsmanna Heilsustofnunar Náttúrulækningafélags Íslands sem starfa og njóta ráðningarkjara samkvæmt kjarasamningi Sjúkraliðafélags Íslands, sbr. grein 11.1 í kjarasamningi Sjúkraliðafélags Íslands og Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu undirrituðum 8. janúar 2016, með gildistíma frá 1. október 2015 til 31. mars 2019.

1. Forsendur röðunar og framkvæmd

Við framkvæmd á samningi þessum skal byggt á grunnforsendum kjarasamnings og horft til staðsetningar starfa í skipuriti stofnunarinnar, eðlis starfa, ábyrgðar og umfangs. Miða skal við að um sé að ræða viðvarandi/stöðugt verksvið. Röðun skal byggð á hlutlægum mælikvörðum eftir því sem unnt er.

Röðun starfa/starfsmanna í launaflokka er á grundvelli:

- Reglna um röðun eins og þær eru skilgreindar í samningi þessum, sbr. gr. 3 og 4.
- Breytinga og viðbóta sem kunna að verða ákveðnar í samstarfsnefnd.

Við ákvörðun um röðun starfa í launaflokka skulu fyrst og fremst metin þau verkefni og skyldur sem í starfinu felast auk þeirrar færni (kunnáttustig/sérhæfing) sem þarf til að geta innt starfið af hendi.

Meta skal persónubundna þætti sem álag á launaflokka. Slíkt álag skal háð endurmati.

Meta má vægi slíks álags til hækkunar um allt að 9 þrepum samanlagt af viðkomandi launaflokki, sbr. nánar launatöflu.

Tímabundnir þættir og umbun geta verið breytilegir frá einum tíma til annars. Forsendur álagsþátta skulu endurskoðaðar við breytingar á starfssviði starfsmanns, sbr. grein 1.3 annars vegar og greinar 1.1.1, 1.2.1 og 1.2.2 hins vegar í kjarasamningi Sjúkraliðafélags Íslands, og Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu undirrituðum 8. janúar 2016, með gildistíma frá 1. október 2015 til 31. maí 2019.

Gæta skal samræmis þegar störfum/starfsmönnum á mismunandi einingum skv. samningi félagsins og Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu dagsettum 8. janúar 2016 er raðað.

Ákvörðun, sem tekin er um hvaða þættir hafa áhrif á laun og með hvaða hætti skal skoðast sem fordæmi gagnvart öðrum starfsmönnum, svo tryggt verði að þeir njóti jafnræðis.

Röðunarreglur þessar fela ekki í sér breytingar á núverandi störfum.

SLFÍ
BP

3. Starfaflokkun og grunnröðun

Þegar rætt er um sjúkraliða í samningi þessum er átt við starfsmann sem hefur heimild til að kalla sig sjúkraliða og til að starfa sem sjúkraliði samkv. lögum um heilbrigðis- starfsmenn nr. 34/2012.

Vegna breytinga á starfsemi og störfum innan stofnana SFV geta orðið til ný störf sjúkraliða sem þarf að raða sérstaklega.

Röðun starfa

	<u>Lfl.</u>	<u>Þr.</u>
Sjúkraliðanemi	04	- 0
Sjúkraliði A;	08	- 1
Sjúkraliði B;	08	- 1
Sjúkraliði C;	08	- 2
Sjúkraliði D;	09	- 3
Sjúkraliði E;	10	- 2
Sjúkraliði F;	11	- 2
Sjúkraliði S1;	13	- 1
Sjúkraliði S2;	14	- 1
Sjúkraliði/Staðarhaldari	15	- 0

Sjúkraliði S er sjúkraliði með eins árs sémám t.d. í öldrunar- eða gæðhjúkrun.

Starfsþróun sjúkraliða á samningi Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu:

- Sjúkraliði A; sjúkraliði á fyrsta starfsári
- Sjúkraliði B; eftir 1 ár í starfi
- Sjúkraliði C, eftir 3 ár í starfi
- Gildandi starfslýsingar fyrir framangreind störf eru meðfylgjandi samningi þessum.
- Starfsþróun sjúkraliða hjá Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands er hraðari ef sjúkraliði vinnur samkvæmt hærri starfslýsingu, en starfsaldur gerir ráð fyrir.
- Til viðbótar við grunnröðun skal taka mið af persónubundnum þáttum í starfi, sbr. nánar gr. 4 hér á eftir.
- Sjúkraliði með a.m.k. þriggja ára starfsreynslu sem ræður sig til starfa hjá Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands á rétt á endurmati á röðun eftir sex mánuði í starfi.

4. Persónubundnir þættir til ákvörðunar um röðun einstaklinga í launaflokkum

- a. Sjúkraliði sem lokið hefur viðbótarmenntun sjúkraliða, einni önn á sérsviði, sem nýtist í viðkomandi starfi samkvæmt mati samstarfsnefndar SLFÍ og NLFÍ hækkar um 1 þrep.

SDF
BP

Hafi hann lokið viðbótarmenntun í fleiri en einni grein, sem nýtist honum í starfi, hækkar hann um eitt þrep til viðbótar.

b. Sjúkraliði sem lokið hefur símenntun og fengið námskeiðsstundir metnar í samstarfsnefnd SLFÍ og NLFÍ (sbr. reglur matsnefndar) hækkar um:

- eitt þrep fyrir 70 stunda nám,
- eitt þrep til viðbótar fyrir 140 stunda nám,
- eitt þrep til viðbótar fyrir 210 stunda nám og
- eitt þrep til viðbótar fyrir 280 stunda nám.

Hámarkshækkun vegna símenntunar er því samtals 4 þrep.

i) Vinnuhópur á vegum samstarfsnefndar SLFÍ og NLFÍ, sem skipaður er einum fulltrúa frá hvorum aðila hefur umsjón með og gerir tillögur um mat á námskeiðum og öðru námi sem nýtist sjúkraliðum í starfi sbr. grein 4 í stofnanasamningi.

5. Næturvinna

Sé gert ráð fyrir að 50% af fullu starfi eða meira sé unnið að næturlagi (þ.e. næturvakt sem unnin er á tímabilinu 23:00 til 08:30) skal þess sérstaklega getið í starfslýsingu og ráðningarsamningi við viðkomandi starfsmann.

- Ef gert er ráð fyrir að a.m.k. 50% af fullu starfi sé unnið á þennan hátt greiðist álag sem nemur 3 þrepum.
- Sé hins vegar gert er ráð fyrir að 60% eða meira af fullu starfi sé unnið að næturlagi greiðist 4 þrepum.

Hámarksálag vegna persónubundinna þátta, framgangs og næturvakta skal þó aldrei verða hærra en sem nemur 10 þrep.

6. Sérstök verkefni

Almennum sjúkraliða með sérstök verkefni sem er einn á vakt án þess að hjúkrunarfræðingur sé á vakt, gefur lyf sem tekin hafa verið til og sinnir þessum störfum í þeim mæli að stofnunin reiði sig á þetta sérstaka framlag hans, skal raðað í starfslýsingu F, sé um viðvarandi ástand að ræða. Vinni sjúkraliði skv. ofangreindu einstakar vaktir vegna förfalla hjúkrunarfræðings skal það bætt með einni klst. í yfirvinnu fyrir hverja slíka vakt.

Framangreind regla gildir einnig ef sjúkraliði vinnur álíka störf á ábyrgðarsviði annarra fagstétta.

7. Réttur til endurmats á röðun

Í samræmi við stefnu NLFÍ í starfsmannamálum á sjúkraliði rétt á starfsmannasamtali árlega. Þar skal m.a. lagt mat á hvort starfslýsing viðkomandi starfsmanns sé rétt og þar með röðun starfs.

Við slíkt mat skal taka tillit til breytinga á starfi hans og starfssviði frá því starfið var metið síðast.

Heimilt er sjúkraliða að leita álits viðkomandi sviðsstjóra sé hann ekki sáttur við niðurstöðu mats viðkomandi yfirmanns.

Ágreiningsmálum skal skotið til samstarfsnefndar, sbr. 11. kafla kjarasamnings.

SLF
10

8. Gildistaka

Samningur þessi byggir á kjarasamningi milli Sjúkraliðafélags Íslands og Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu undirrituðum 8. janúar 2016.

Með samningi þessum breytist röðunarkafllinn, en inn komu eldri bókanir í samninginn á viðeigandi staði. Annað er óbreytt.

Samningurinn gildir frá 1. júní 2018.


Með gerð stofnanasamnings þessa hafa aðilar orðið ásáttir um að hækkanir/breytingar á stofnanasamningi fyrir árið 2018, á grundvelli bókunar 2 í kjarasamningi SLFÍ og SFV/NLFÍ, með gildistímann frá 1. október 2015 til 31. mars 2019 sé ráðstafað.

Reykjavík 26. mars 2019

F.h. Heilsustofnunar Náttúruvæðingafélags
Íslands, með fyrirvara um samþykki stjórnar.



F.h. Sjúkraliðafélags Íslands



Gunnar Ólaf Gunnarsson

Bókanir

Eldri bókanir haldi gildi sínu eftir því sem við á.